



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Valgerður Hlín Kristmannsdóttir <valgerdur@snb.is>
Re: V. lýsingar á fyrirhuguðum breytingum á skipulagi Snæfellsbæjar
Sent: 26-06-2019 13:39:44 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019050043, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2019050043

Vísað er til bréfs og tölvupósts frá Snæfellsbæ, dags. 24. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna annars vegar fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 vegna golfvallar sunnan Rífs og hins vegar skipulagslýsingar vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulaginu vegna skógræktarsvæða, Ólafsvík.

Golfvallarsvæði:

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsingu og í henni er að finna lýsingu á flestu því sem þarf að skoða við breytingu á aðalskipulaginu með mjög almennum en ekki ítarlegum hætti. Í kynningu á fyrirhugaðri breytingu segir t.d. „Norðan svæðisins er votlendara svæði og svæði til fuglaskoðunar sem fær að vera í friði.“ Auðvitað er gott að gert sé ráð fyrir því að svæði fái að vera í friði en ekki er t.d. fjallað um að skoðað verði hvort líklegt sé að golfvöllur geti e haft áhrif eða ekki, beint eða óbeint, á svæðið sem vísað er til t.d. mætti tilgreina að það þurfi að skoða hvaða fuglar nýta fyrirhugað golfvallarsvæði og hvort einhver tengsl eru milli svæðanna t.d. hvaða fuglar koma á fuglaskoðunarsvæðið.

Í matslýsingu er ekki vísað til viðmiða, sjá síðar, sem höfð verða til hliðsjónar við umhverfismatið. Í matslýsingu segir: „**Gert er ráð fyrir að lítil umhverfisáhrif verði vegna gerða golfvallar. Vallarhús breytir ásýnd á svæðið, en áhrif af því eru staðbundin. Að öðru leyti er fyrst og fremst um breytingu gróðurtegunda á völdum svæðum að ræða.**“ Vel getur verið að breytingarnar verði ekki miklar ef rétt er á málum haldið en mjög varasamt er að álykta um nokkuð á þessu stigi þar sem t.d. engin úttekt hefur farið fram á svæðinu og ekki er vitað hvernig golfvöllurinn verður hannaður en það er einmitt umhverfismatsins að meta líkleg áhrif. Einnig virðist hvergi minnst á að golfvellir falla undir B-flokk 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum um framkvæmdir sem þarf að tilkynna til Skipulagsstofnunar og meta í hverju tilviki fyrir sig hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum eða ekki. Þó hér sé ekki verið að fjalla um sjálfa framkvæmdina verður að ætla að eðlilegt sé, strax á þessu stigi, að þetta sé ljóst og því þarf að gera nokkuð miklar kröfur um að náttúrufar sé skoða vel áður en 43 ha lands séu settir á aðalskipulag sem golfvöllur. Verði svæðið sett á aðalskipulag þarf t.d. að vanda til skilmála í samræmi við áætluð áhrif.

Rétt er að benda á að ekki er til sérstök Gróðurkortadeild á Náttúrufræðistofnun eins og segir í matslýsingunni þó bæði séu gerð gróðurkort og vistgerðakort. Síðustu ár hefur fyrst og fremst verið unnið með vistgerðakort sem grunn að t.d. mati á vendargildi svæða hvað varðar gróðurfar almennt.

Skógræktarsvæði:

Náttúrufræðistofnun tekur undir þau varnaðarorð sem koma fram í lýsingunni að ekki skuli nota framandi tegundir í skógrækt sem geta orðið ágengar og að móta þurfi skipulagið eða framkvæmd skógræktar á svæðinu með þeim hætti að til framtíðar skerðist ekki ásýnd eða útsýni eða að skógræktin auki skuggamyndun. Að öðru leyti er skógræktin ekki mikil að umsvifum (2,8 ha aukning við eldra svæði og 5.3 ha nýtt svæði við Enni) og bundin við þéttbýliskjarnann og núverandi skógræktarsvæði. Og líklega ekki miklar líkur á að það verði skerðing á mikilvægum búsvæðum dýra og plantna, en þetta þarf að kanna.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um

sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Vegna frekari vinnslu á endurskoðun aðalskipulagsins vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf. Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> Einnig má sjá upplýsingar um 61. gr. náttúruverndarlaga hér:

<http://www.ni.is/frettir/2018/07/natturufyrirbaeri-sem-njota-serstakrar-verndar-i-kortasja>

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggja á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvarnarmál og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir <valgerdur@snb.is>

Dags: 05/24/2019 10:49:59 AM

Til: "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>, "heilbrigdiseftirlit@vesturland.is" <heilbrigdiseftirlit@vesturland.is>, "isavia@isavia.is" <isavia@isavia.is>, Magnús Aðalsteinn Sigurðsson <magnus@minjastofnun.is>, "gudm@ni.is" <gudm@ni.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "trausti@ni.is" <trausti@ni.is>, "hregun@rarik.is" <hregun@rarik.is>, "bjosve@rarik.is" <bjosve@rarik.is>, "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>, "bj@skog.is" <bj@skog.is>, "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>, "vagn2@simnet.is" <vagn2@simnet.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "office@vedur.is" <office@vedur.is>, "bardi@vedur.is" <bardi@vedur.is>, "vegagerdin@vegagerdin.is" <vegagerdin@vegagerdin.is>, "erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>

cc: Davíð Viðarsson <david@snb.is>

Efni: V. lýsingar á fyrirhuguðum breytingum á skipulagi Snæfellsbæjar

Góðan daginn

Meðfylgjandi eru lýsingar vegna gólfvallar sunnan Rifs og skógræktarsvæðis við Ólafsvík, sendar til kynningar og samráðs.

Óskað er eftir staðfestingu á móttöku.

Valgerður Hlín Kristmannsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Snæfellsbær Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær